



Krúger, 2010

Leir

Hópurinn getur gengið í takt ef viljinn er fyrir hendi

Flug, 2010

Leir, tré, vír, járn



Þótt þú takir flugið þá er ekki þar með sagt að allt gangi upp



Stemming fyrir lífinu, 2010

Leir

Sá sem fæðist og lifir, dreymir um gott líf og atlæti

Ljóðafólk

Guðny Svavarsdóttir

Kristín Gestsdóttir

Björgvin Ingi

Sigurður Mar

Kristín Gísladóttir

Hreinn Eiríksson

Torfhildur Hólm

Anna Egilsdóttir

Sigríður Gísladóttir

Guðbjartur Össurason

Elvar Bragi

Snorri Aðalsteinsson

Ferill

- 23. maí 2007 Málverkasýningu á Kaffi-Horninu á Hornafirði. Sýndi 95 akrýlmálverk, máluð á árinu 2007
- 20. júní 2007 Lokaverkefni í keramikmótun sýnt í Landsbankanum á Höfn í Hornafirði.
- 22. maí 2008 Málverkasýning á Kaffi-Horninu á Hornafirði. Sýnd 60 akrýlmálverk.
- 27. maí 2009 Málverkasýning á Kaffi-Horninu á Hornafirði sýnd 67 akrýlmálverk, máluð 2009.
- 22. ágúst 2009 Tók þátt í Pecha Kucha spjalli í Listasafni Reykjavíkur.
- 27. júní 2009 Samsýning hönnuða í Nýheimum á Hornafirði. Sýnd leirverk og sandkerti úr ríki Vatnajökuls.
- 22. nóv. 2009 Kertasýning á N1. Sýndi 60 sérhönnuð og handunnin kerti og kertaker.
- 27. febr.2010 Ljóða-ljós-sýning. Ljósaskúlptúrar og ljóðalestur í anda draumheima.

Opið

28.02.2010 - 06.04.2010

miðvikudaga - sunnudaga
16:00-19:00

Styrkt af:

Sveitarfélagið Hornafjörður
Menningarráð Austurlands

Heimasíður

www.gingo.is
www.hornafjordur.is
www.meningarrad.is

www.dimms.is

Guðrún Ingólfssdóttir

Gingo



Draumsýn
(ljóðaljós)

28.02.2010 - 06.04.2010

Menningarmiðstöð Hornafjarðar
Listasafn



MENNINGARRÁÐ
AUSTURLANDS



Guðrún Ingólfssdóttir, Gingó, er fædd á Höfn í Hornafirði þann 28.03.1958. Veturinn 2007-2008 stundaði hún nám í Iðnskólanum í Reykjavík á almenntri hönnunarbraut auk þess sem hún stundaði nám við Myndlistaskólann í Reykjavík á keramikkjörsviði, leirrennslu og málun hjá Þorra Hringssyni.

Þá hefur hún einnig lært silfursmíði. Sýningin Draumsýn (Ljóðaljós) er fyrsta einkasýning

Guðrúnar. Listamannsnaflnið Gingó er tekið úr upphafsstöfum í nafni Guðrúnar. Vorið 2008 opnaði hún vinnustofu í Sauðanesi í Nesjum þar sem gestir og gangandi eru ávallt velkomnir.

Sýningarstjóraspjall

Á sýningunni Draumsýn (Ljóðaljós) gefur að líta 10 verk sem listamaðurinn hefur unnið að síðustu misseri. Verkin hafa öll sterka skírskotun til náttúrunnar og upplifunar einstaklingsins á umhverfi okkar, ljósi og litum um leið og hugarflæðið fær að njóta sín. Efnið sem Guðrún sækir í tengist allt hugarheimi manneskjunnar, orðum og innihaldi þeirra, sögum og tengslum manns og náttúru en um leið sækir hún í það ónýtt og endurnýtanlega. Verkin eru þannig blanda ólíkra efna sem mynda óvænta heild eins og verkið Hrafnabing þar sem leirinn, járn og ljós mynda sterka heild og fá óvænta tengingu í gegnum heiti verksins. Við vitum öll hvað Hrafnabing er en hvernig leysir listamaðurinn það verkefni að skapa þau hughrif hjá áhorfandanum að hann sjái og skynji þetta merka fyrirbæri? Guðrún leysir þetta á einkar hæglátan máta og effirlætur áhorfandanum að fylla upp í eyðurnar

ef einhverjar eru. Það má segja að eitt af hlutverkum listamannsins sé að hreyfa við hugarheimi áhorfandans, vikka ímyndunarafl og getu til þess að hrífast með frekar en að skilja eða sjá merkingu og við sem gestir njótum þess á þessari sýningu að vera leidd inn í hugarheim Guðrúnar. Sjálf lýsir listakonan sýningunni sem Ljóðaljóssýningu með ljósskúlptúrum og ljóðalestri í anda-draumaheimi og þér, gestur góður, er boðið að vera þátttakandi í þessum undraheimi sem bíður þín í sal Kartöflugeymslunnar.

Björg Erlingsdóttir

Náttúruskuggar (Umbreyting), 2010


Vír, þari, leir

Hvernig breytist náttúran þegar hún eldist, visnar og deyr?



Draumsýn, 2010

Leir



Litir í draumum geta orðið svo sterkir að sálin geymir þá í minni í mörg ár

Dramakast, 2010


Vír, ál, tré, pretext, bómull



Okkur dreymir marga drauma á ævinni, bæði í lit og litleysu

Hrafnabing, 2010

Leir, vír



Þegar þing skal haldið þá kemur hópurinn saman með drauma sína og þrár. Ekki ræstast samt allir draumar

Ljósbröt, 2010

Plast



Við upplifum fegurð ljóssins jafnt í vöku sem draumi. Án ljóss og fegurðar væri tilveran grá

Samfélag ólíkra, 2010

Leir, postulín, hálmur, gúmi

Það eru ekki allir eins og snúa ekki eins heldur. Þú ert lagður á ákveðinn stað í lífinu þú lætur ljós þitt skína hvar og hvernig sem þú snýrð. Þú ert samt bara draumur í eilífdinni

